MENNING

# Draumar og veruleiki í samtímanum

**MYNDLIST**
Orkuveita Reykjavík
★★★½☆

***Til 27. júní. Opið mán. til fös. frá kl. 9-16. Aðgangur ókeypis.***

FIMM Króatar sýna list sína í sýningarsal Orkuveitunnar, í tengslum við Listahátíð í Reykjavík. Sýningarstjóri er Radmila Iva Jankovic, listfræðingur og sýningarstjóri og henni til aðstoðar JBK Ransu, myndlistarmaður og listgagnrýnandi. Viðfang listamannanna fimm er að finna í bakgrunni þeirra fyrst og fremst. Tengingu einkaheims við opinbert rými, tengslum heimalandsins við alþjóðlegan vettvang, sögu lands og þjóðar og persónulegri sögu.

Tanja Dabo birtir mynd af örvæntingarfullum gestgjafa sem tekur á móti ferðamönnum án þess að hafa til þess orku eða getu, býður alla velkomna en er bókstaflega að missa móðinn. Í sama dúr var gjörningur Sinisa Labrovic á opnun þar sem hann skar með gömlum rakhníf broslínur upp úr munnvikum báðum megin, augljóslega ekki hlátur í hug.

Antun Maracic sýnir ljósmyndaröð af lítilli eyju, Lokrum. Lokrum liggur utan við Dubrovnik og er vinsæll ferðamannastaður, tíu mínútna bátsferð flytur ferðalanga



**Fallnir** **Myndir Slaven Toljs af þeim sem féllu við að verja Dubrovnik.**

þangað á hálftíma fresti yfir sumartímann, eyjan minnir á paradís. Maracic hefur myndað eyjuna um nokkurt skeið, í anda skrásetningaraðferðar hugmyndalistarinnar, en viðfangið hefur yfir sér rómantískan blæ. Bæklingur með veðurskilyrðum og lýsingum á birtu hverrar myndar fylgir verkinu og fullkomnar hina hlutlausu skrásetningu á þessari draumkenndu mynd.

Toni Mestrovic hefur myndað handverk föður síns þar sem hann heggur til grjót í vegg, höggin dynja hátt yfir sýningunni allri, eins og undirtónn fortíðar við veruleika nútímans. Verkið vekur upp nostalgíska tilfinningu fyrir einfaldleika hversdagslífs liðinnar tíðar, en um leið er hér um erfitt strit að ræða sem fæstir myndu óska sér.

Sinisa Labrovic sem brosti ekki á svo eftirminnilegan hátt við opnun sýningar, er með myndband sem sýnir fjölskyldu hans horfa á sjónvarpsfréttir og rödd þularins yfir, innrás umheimsins inn í fjölskylduna og heimilið. Myndin hefði allt eins getað verið af íslenskri fjölskyldu áður en það fyrirbæri splundraðist fyrir framan marga skjái.

Slaven Toljs sýnir ljósmyndir af mönnum sem látist hafa við að verja Dubrovnik, mikill fjöldi mynda líkt og svífur í rýminu upplýstur af flögrandi geislum diskókúlu. Á kaldhæðnislegan máta er spilað saman raunverulegum, mannlegum harmleik og yfirborðsmennsku og sölumennsku samtímans, svo úr verður beitt verk. Gjörningur hans við opnun var sömuleiðis áleitinn, þar sem föðurlandsást birtist í ýmsum myndum.

Listamönnunum liggur öllum mikið á hjarta og án þess að verk þeirra innihaldi beinan boðskap þá er það staðreynd að vitneskja okkar, eða meðvitundin um skort á vitneskju, um menningu Króatíu og erfiða sögu undanfarinna ára og áratuga, þrengir sér í forgrunn verka þeirra. Hið ósagða er sett í aðalhlutverk og sýningin vekur margvíslegar tilfinningar. Það er fengur að sýningu sem þessari sem ýtir við okkur og minnir á umheiminn og veruleika ólíkan okkar eigin.

Ragna Sigurðardóttir

# Tilrauna-majónes

**MYNDLIST**
Listasafn Reykjavíkur Hafnarhús
★★★☆☆

***Tilraunamaraþon - Listahátíð í Reykjavík. Sýningin stendur til 24. ágúst. Opið alla daga frá kl. 10 til 17. Aðgangur ókeypis.***

SÝNINGIN sem nú stendur eftir í Hafnarhúsinu eftir að tilraunamaraþonsdagskránni lauk endurspeglar eftir sem áður áherslur sýningarstjóranna Ólafs Elíassonar og Hans Ulrich Obrist á samspil lista og vísinda. Sýningin heldur áfram að vera vettvangur ýmissa viðburða fram eftir sumri og á eflaust eftir að taka einhverjum breytingum.

Í A-sal má sjá ágætlega heppnaða innsetningu sem samanstendur af heimildum og upptökum frá áþekku maraþoni sem þeir héldu í Serpentine gallery í London á síðasta ári. Heimildasafn sýningarinnar Laboraterium í umgjörð eftir Yona Friedman í B-sal og hans eigið safn í C-sal er hins vegar veikasti partur sýningarinnar og virkar helst eins og ódýrt uppfyllingarefni. Hins vegar er E-salur Errós með áhugaverðasta móti þar sem sjá má sjálfsmyndirnar Augnlíkami/Umbreyting, þekkt verk Carolee Schneemann sem Erró ljósmyndaði á sínum tíma ásamt fleiri verkum þar sem Erró vinnur í samvinnu við aðra. Í þeim sal er einnig einskonar matreiðslubók, innrammað bókverk eftir Marianne Abramovic en báðar þessar heimsþekktu listakonur komu fram á tilraunamaraþoninu og drógu að fjölda gesta. Í E-sal eru einnig verk eftir aðra listamenn og nýtur hljóðverk Brians Eno „Singing the Soul of Civilisation“ sín vel þar en hljóðverkið hljómar í ýmsum myndum um allt Hafnarhúsið.



Morgunblaðið/Frikki

**Módel** **„Leyndardómsfull verk Katrínar af húsum nafngreindra manna sem voru aldrei byggð ...“**

Í D-sal má upplifa einskonar breytilegt litljósamálverk í rými „Litamettun í Reykjavík“ eftir Carlos Cruz-Diez sem gerir tilraunir með hvernig augað skynjar liti sem eru jafnvel ekki til staðar í verkunum. Það eru þó verk Darra Lorenzen og Katrínar Sigurðardóttur sem skipta með sér F-salnum sem toppa sýninguna. Darri býður upp á sérstaka upplifun í lokuðu rými, sjónræna og líkamlega upplifun sem hraðar hjartslætti, skerpir eftirtekt og neyðir áhorfandann til ákveðinnar sjálfskoðunar. Leyndardómsfull verk Katrínar af húsum nafngreindra manna sem voru aldrei byggð hafa ekki einungis verið raungerð sem módel heldur einnig verið brotin og límd saman aftur. Hér má upplifa þá upphöfnu tilfinningu sem fylgir gömlum sögulegum rústum ásamt óvæntri eftirsjá eftir því sem aldrei var en hefði getað orðið.

Sýningin í heild er sundurlaus og samspil vísinda og lista virkar yfirborðslegt á köflum. Að hrista saman vísindi og listir er ekki ósvipað og að búa til majónes, að blanda olíu við vatnsuppleysanleg efni svo úr verði samfella sem ekki skilur sig og kekkjast. Einn aðalviðburður maraþonsins sem mikil eftirvænting var fyrir, samvinna Dr. Ruth og Abramovic, hljóp einmitt í kekki svo það endaði með því að þær komu fram hvor í sínu lagi. Sögusagnir af því ferli öllu saman verða eflaust hjá mörgum eftirminnilegasti gjörningur þessa viðburðar, eins og hús Katrínar, minningar um eitthvað sem stóð til að gera en var aldrei gert.

Þóra Þórisdóttir

# Er ár kammertónlistar?

**TÓNLIST**
Grafarvogskirkja
Kammertónleikar★★★★½

***Tónlist eftir Scarlatti, Hasse, Boccherini, Cimarosa, Rossini og Pasculli. Ensemble Berlin lék. Miðvikudagur 4. júní.***

EINN félagi minn sagði við mig í veislu á nýársnótt að hann hefði heyrt í útvarpinu þá um daginn að framundan yrði ár kammertónlistar á Íslandi.

Nú veit ég ekki hvort þetta hefur gengið eftir. Á vissan hátt er alltaf ár kammertónlistar á Íslandi, það er sú tegund tónlistar sem mér finnst oftast leikin og því miður sú sem venjulega nær bara sæmilegu meðallagi.

Af hverju? Jú, vegna þess að yfirleitt eru þetta hópar sem spila ekki saman öllu jöfnu, nema þá í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það er þekkt staðreynd að kammerhópur þarf að hafa leikið lengi saman til að ná rétta samhljómnum. Ég hugsa að það taki tónlistarhóp mánuði, jafnvel ár, að ná því að spila eins og einn maður.

Auðvitað eru til nokkrir kammerhópar á Íslandi sem lengi hafa starfað saman, en tónleikar þeirra eru frekar undantekningin en hitt. Og tónleikar erlendra kammerhópa eru enn sjaldgæfari. Kvöldstund með Ensemble Berlin í Grafarvogskirkju á miðvikudagskvöldið var því kærkomin tilbreyting, en þau eru öll meðlimir í Fílharmóníusveit Berlínar, þeirri sömu sem Herbert von Karajan stjórnaði.

Ég sá Karajan einu sinni stjórna Berlínarfílaharmóníunni. Hljómsveitin spilaði af sjaldheyrðri fágun, og Karajan virtist lítið gera annað en að standa fyrir framan hana með báðar hendur uppi í lofti. Enda var hljómsveitin svo þaulæfð að það þurfti nánast ekkert að stjórna henni á sjálfum tónleikunum.

Upplifunin var svipuð á miðvikudagskvöldið. Ensemble Berlin samanstendur af sjö hljóðfæraleikurum og hvort sem viðfangsefnið var Rossini eða Cimarosa, Scarlatti eða Boccherini, var útkoman einstök, túlkunin hnitmiðuð og leiftrandi og tæknilegt öryggið nánast fullkomið.

Útsetningarnar eftir Wolfgang Renz sem hópurinn lék voru sérlega hugvitsamlegar. Sumar þeirra voru á margan hátt áhrifameiri en frumgerðirnar, eins og óbókonsert í d-moll eftir Scarlatti, sem unninn er úr sembalsónötum hans. Það er sérlega skemmtileg tónsmíð!

Í rauninni er óþarfi að telja upp hvert atriði dagskrárinnar, en ég get þó ekki annað en nefnt óbóleikarann Christoph Hartmann, einhvern besta óbóleikara sem hingað hefur komið. Einleikur hans í Minningum frá Napólí eftir Pasculli var svo stórfenglegur að ég man varla eftir öðru eins. Nákvæmnin var lygileg og músíkin svo lifandi og grípandi að maður gleymdi stund og stað.

Hafi tónleikahaldarinn (Dominant ehf) bestu þakkir fyrir að flytja svona frábæra listamenn til landsins!

Jónas Sen

# Meistari laglínu, fágunar og kímni

**TÓNLIST**
Íslenzka óperan
Listahátíðartónleikar★★★½☆

***Þorkell Sigurbjörnsson: Að vornóttum (1981), Skref fyrir skref (1986), Umleikur (1998), Enn fleiri skref (1998) og G–svita (1976). Sigurbjörn Bernharðsson fiðla og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó. Miðvikudaginn 4. júní kl. 20.***

TÍMINN flýgur. Áður en varir fer einn fyrsti „enfant terrible“ hinna framsæknu fríhjólandi Musica Nova daga snemma á 7. áratug að verða sjötugur! Nærri hálf öld er senn fokin hjá sem hendi væri veifað, og með henni ótal eftirminnilegra viðburða út í buska hins liðna.

Að vísu var undirritaður ekki sjálfur nærstaddur allra fyrst þegar módernisminn sleit hér barnskónum með látum. Það voru hins vegar margir áheyrenda í þéttingssetinni Íslenzku óperunni s.l. miðvikudagskvöld. En kunni einhverja að hafa laumlangað til að heyra og sjá eitthvert uppákomustykki frá téðum klaufaslettutíma, þó ekki væri nema fyrir svipaða hvöt og þegar Egill Skallagrímsson vildi dreifa silfri á Alþingi, þá varð þeim ekki að ósk sinni. Elzta verkið var frá 1976.

Enda hefur Þorkell Sigurbjörnsson fyrir löngu markað sér sess með tonnataki í hópi viðurkenndustu og afkastamestu tónskálda okkar, þótt fyrrum fyndist sér orðið (*Tondichter* á tylliþýzku) óþarflega háfleygt ef ég man rétt. Og það sem meira er – hann er orðinn einn ástsælasti allra íslenzkra nútímatónhöfunda. Kannski m.a. þökk sé því að hjá honum stóð tilraunatímabil tilrauna vegna skammt, hafi þær nokkru sinni verið meginmarkmið. Þvert á móti hafa verk Þorkels, eins og fiðlarinn frændi hans nefndi réttilega eftir hlé, einkennzt af sígildri tilfinningu fyrir laglínu, fáguðu tónmáli og ósjaldan kímni. Að meðtöldu ósviknu næmi fyrir músíkantískum og miðilsvænum rithætti sem hefur verk Þorkels upp fyrir „konseptúalisma“ stundartízku og gerir þau skemmtileg í spilun. Eins og nærri má geta er sá eiginleiki jafnframt allra líklegastur til að smita upplifun hlustenda – síðasta en oft gleymdasta hlekksins í heildarferli nútímatónsköpunar.

Ein– og tvíleiksverkin fimm fyrir fiðlu með eða án píanós gáfu vitanlega varla sanngjarna þversneið af gríðarfjölbreyttum verkasjóði Þorkels, fyrir utan að þrjú þeirra voru umritanir á frumgerðum. *Að vornóttum* var upphaflega fyrir flautu Manuelu Wieslers og píanó, *Skref fyrir skref* fyrir einleiksvíólu Svövu, systur Sigurbjörns, og *Umleikur* var umritun úr verki fyrir einleiksfiðlu og Kammersveit Reykjavíkur er að mínu viti kom, e.t.v. óhjákvæmilega, frekar þurrpumpulega út í niðurþrengingu fyrir fiðlu og flygil. *Enn fleiri skref*, frumsamið fyrir Sigurbjörn, skilaði sér betur, og *G-svitan* var hreinasta eyrnayndi, eins og leiða mátti af orðaleik enska frumheitisins (ef rétt er munað), *G-sweet*.

Eiginlega fannst mér Listahátíð sleppa fullódýrt frá upplögðu tilefni til að heiðra jafngóðan tónsmið á tímamótaári að verðleikum. Á móti kom að flest var ljómandi vel leikið og sumt rúmlega það – einkum síðastnefnda meistarastykkið frá 1976 er dillaði svo hlustendum innanvert að jafnaðist á við skyndiferð í efra. Enda gat enginn vefengt hlýleika nærstaddra þegar tónskáldið og flytjendur voru hyllt að leikslokum. Eftir var þá aðeins aukalagið, kyrrlát útsetning Þorkels á íslenzka sálmalaginu *Grátandi kem ég, Guð minn, til þín.*

Ríkarður Ö. Pálsson